

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 89/1958. **Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka**  
 gegn  
**Unni Jónsdóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meðalganga heimiluð. Kærumál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. maí þ. á., er barst dóminum hinn 16. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins..

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum og atvikum málsins er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.500.00.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka, greiði varnaraðilja, Unni Jónsdóttur, kærumálskostnað, kr. 1.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1958.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 23. f. m., hefur Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius f. h. Ryszard Górka, Varsjá í Póllandi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. júlí 1957, gegn Finnþega stórkaupmanni Kjartanssyni, Háteigsvegi 54, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð \$ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af \$ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af \$ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af \$ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af \$ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af \$ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af \$ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956 og af \$ 44.000.00 frá þeim degi til greiðsludags,

auk 17% af höfuðstól og vöxtum í yfirfærslugjald, svo og til greiðslu málskostnaðar, þ. á m: löghaldskostnaðar að skaðlausu og loks til staðfestingar löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda hinn 13. júní 1957.

Í framhaldsstefnu, útgefinni 30. júlí 1957, krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghald, er gert var hjá stefnda 29. s. m., svo og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í framhaldssök.

Stefnandi kveður skuld þá, sem um er stefnt, vera lán, er umbjóðandi hans veitti stefnda á árunum 1950—1956. Löghaldsgerðirnar voru báðar framkvæmdar til tryggingar skuld þessari og var með hinni fyrri lagt löghald á eignarhluta stefnda í húsinu nr. 54 við Háteigsveg, en með hinni síðari á ýms húsgögn og áhöld í skrifstofu stefnda að Austurstræti 12. Áður en síðari gerðinni lauk, kom eiginkona stefnda, Unnur Jónsdóttir, í fógetadóminn og með henni Kristinn hæstaréttarlögmaður Gunnarsson, sem mótmælti löghaldskröfunum sem röngum. Þegar frumsök og framhaldssök voru þingfestar 3. september f. á., lét Sveinbjörn hæstaréttarlögmaður Jónsson umboðsmann sinn sækja þing af hálfu stefnda, og var honum veittur 2 vikna frestur til greinargerðar. Áður en sá frestur var liðinn eða hinn 13. s. m., tilkynnti stefndi stefnanda, að hæstaréttarlögmenn þeir, er nú voru nefndir, hefðu ekki fengið umboð til að sækja þing fyrir hann og að þeir hefðu gert það í heimildarleysi og án hans vitundar. Er málið kom fyrir bæjarþing hinn 17. september s.l., sótti stefndi þing sjálfur og viðurkenndi kröfur stefnanda í báðum sökum, en stefnandi fékk þá viku frest til að leggja fram sókn í málinu. Hinn 24. s. m. kom málið því enn fyrir bæjarþingið og var þá einnig sótt þing af hálfu fyrrnefndrar Unnar Jónsdóttur og þingfest meðalgöngusök hennar. Er stefna í henni gefin út og birt 20. september s.l. gegn báðum aðiljum frumsakar og framhaldssakar og þess krafizt, að meðalgöngustefnanda verði leyfð meðalgangan og sökin sameinuð aðalmálinu svo og að meðalgöngustefnandi og aðalstefnandi verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og að honum verði gert að greiða meðalgöngustefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins og loks, að löghaldið verði fellt úr gildi. Umboðsmenn meðalgöngustefndu beggja fengu þá tveggja vikna frest til greinargerðar í meðalgöngusök og voru þær lagðar fram á bæjarþinginu 8. okt. s.l. Krafðist aðalstefnandi þess aðallega, að meðalgöngusökinni yrði vísað frá dómi, en til vara, að dómkröfum

meðalgöngustefnanda, að því er varðar aðalstefnanda, yrði vísað frá dómi og að dómkröfum hennar, að því er hana sjálfa varðar, hrundið. Einnig krafðist hann málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda, hvernig sem málið færi. Ennfremur lagði stefnandi fram sókn í aðalmálinu og krafðist dóms um kröfur sínar, er aðalstefnandi hefði viðurkennt. Í greinargerð aðalstefnanda var ítrekuð viðurkenning hans á kröfum aðalstefnanda, nema 17% yfirfærslugjaldi, en að því leyti var krafizt sýknu að svo stöddu. Þess var og vænzt, að málskostnaður félli niður. Meðalgöngunni var mótmælt sem löglausri og þýðingarlausri og málskostnaðar krafizt úr hendi meðalgöngustefnanda svo og, að hugsanlegum málskostnaði til aðalstefnanda yrði skipt á aðalstefnanda og meðalgöngustefnanda.

Í þinghaldi þessu fengu allir aðiljar sameiginlega viku frest til gagnaöflunar um frávísunarkröfuna, og umboðsmenn aðalstefnanda og meðalgöngustefnandi samþykktu, að aðalstefnanda yrði heimilað að taka til varna í málinu. Hinn 15. október s.l. töldu lögmenn aðilja gagnasöfnun lokið um hina framkomnu frávísunarkröfu. Í bréfi, dagsettu 25. s. m., fór ið, að það útvegaði henni málflutningsmann í Varsjá til að gangast fyrir og sjá um nánari rannsókn á kröfum umbjóðanda stefnanda, þar eð hún véfengi tilvist og réttmæti þeirra. Hinn 4. febrúar hafði slíkur málflutningsmaður verið valinn, en ekkert liggur fyrir í málinu um árangur af störfum hans.

Frávísunarkrafa aðalstefnanda er fyrst og fremst á því reist, að hinir upphaflegu aðiljar þurfi ekki að sæta því, að aukamál sé dregið inn í mál þeirra eftir þingfestingu aðalmálsins, nema sérstaklega sé ástatt. Meðalgöngustefnanda hafi verið kunnugt um málshöfðun þessa löngu fyrir þingfestingu, eins og sjá megi af þingsókn hennar í fógetadómi hinn 29. júlí s.l. og því, að stefna í framhaldssök var birt henni sjálfri. Hefði henni því verið innan handar að höfða meðalgöngusök svo tímanlega, að sameina mætti hana aðalmálinu við þingfestingu þess. Í annan stað telur aðalstefnandi, að hér sé um að ræða deilumál hjónanna, aðalstefnanda og meðalgöngustefnanda, sem heyri beint undir skiptadóm, þar eð bú þeirra sé í opinberum skiptum. Loks telur aðalstefnandi, að meðalgöngustefnanda bresti alla heimild til að bera fram kröfu um, að aðalstefndi verði sýknaður.

Af hálfu aðalstefnda var tekið undir frávísunarkröfu aðalstefnanda.

Er málaferli þessi hófust með lögtaksgerðum þeim, er að fram-

an greinir, stóð yfir hjónaskilnaðarmál meðalgöngustefnanda og aðalstefnda, og gaf dómsmálaráðuneytið út leyfi til skilnaðar þeirra að borði og sæng hinn 30. júlí s.l. Með bréfi, dagsettu 2. ágúst s.l. fór meðalgöngustefnandi þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú þeirra hjónanna yrði tekið til opinberra skipta og var sú beiðni tekin fyrir í skiptadómi 22. s. m. Hinn 16. september s.l. kom aðalstefndi fyrir skiptadóm, svo og Kristinn hæstaréttarlögmaður Gunnarsson af hálfu meðalgöngustefnanda. Skýrðu þeir skiptaráðanda frá því, að mál væri rekið á bæjarþinginu gegn aðalstefnanda til heimtu \$ 44.000.00, og kvað umboðsmaður meðalgöngustefnanda hana véfengja réttmæti kröfu þessarar, en aðalstefndi kvað kröfuna rétta. Var þetta síðan bók- að: „Sjálfsgagt þótti að heimila konunni að ganga inn í málið og halda uppi vörnum í því, enda greiði hún þann aukakostnað, sem af andmælum hennar kann að leiða.“ Aðalstefndi undirritaði bókun þessa athugasemdalaust.

Í meðalgöngusökinni véfengir meðalgöngustefnandi réttmæti stefnukröfunnar í aðalsök og kveður engin gögn fram komin um réttmæti hennar. Hún kveður sér ávallt hafa verið ókunnugt, að skuld þessi væri fyrir hendi, enda sé hennar að engu getið í framtölum aðalstefnanda til skatts á undanförnum árum. Einnig telur hún skuldina, ef nokkur sé, fyrnda að verulegu leyti og véfengir einnig, að greiða beri í Bandaríkjagjaldeyri.

Þegar þess er gætt, að dómsúrslit aðalsakar hljóta að hafa veruleg áhrif á hag félagsbús meðalgöngustefnanda og aðalstefnda, sem er nú í skiptum, þykir meðalganga heimil samkvæmt ákvæðum 50. gr. laga nr. 85 frá 1936. Meðalgöngusök virðist höfðuð án ástæðulausrar tafar, þegar eftir að ljóst varð, að aðalstefndi hugðist ekki halda uppi vörnum í aðalsök, og sýknukröfu meðalgöngustefnanda þykir verða að skilja sem kröfu um sýknu félagsbúsins. Þegar allt þetta er virt, þykir ekki sýnt fram á það, að vísa beri meðalgöngusök frá dómi, og ber því að hrinda kröfum meðalgöngustefnda. Rétt er, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn. Nokkur dráttur varð á uppsögn hans, er stafar af annríki við önnur dómstörf.

#### Því úrskurðast:

Hinar framkomnu kröfur um frávísun meðalgöngusakar verða ekki teknar til greina.